

07. SEP. 2015

AKRANESKAUPSTAÐUR		
Skj.nr. 22.4	Mótt. af Gjó	Mótt. dags - 7 SEPT. 2015
Áb.m. RA	Úrv.aðili SPH	Afrit RA /SPH
Símtal	Tölvup.	Fax HD /HS
Svarfr.	Trún.mál	Fskj. St.A /SAS
Málsnr. One 1509109		



Akraneskaupstaður
Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri
Stillholti 16-18
300 Akranes

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg 101 Reykjavík
sími: 545 8400 postur@for.is
forsaetisraduneyti.is

Reykjavík 3. september 2015
Tilv.: FOR15060053/3.19

Efni: Lög um verndarsvæði í byggð – innleiðing.

Síðastliðið vor samþykkti Alþingi ný lög um verndarsvæði í byggð, nr. 87/2015. Er lögnum ætlað að stuðla að vernd og varðveislu byggða sem hafa sögulegt gildi og ná þau til þéttbýlis og byggðarkjarna utan þéttbýlis sem ástæða er til að varðveita vegna svipmóts, menningarsögu eða listræns gildis. Með lögnum, sem sækja fyrirmynd sína til breskra laga um verndun byggðaheilda, skapast tækifæri til að vernda með heildstæðum hætti þann menningarsögulega byggðaarf sem í landinu er.

Í ljósi þess að sveitarfélögum er ætlað mikilvægt hlutverk í lögnum, boða forsætisráðuneytið og Minjastofnun Íslands til kynningarfundna um hin nýsamþykktu lög víða um landið. Til fundanna eru boðaðir fulltrúar sveitarstjórna og starfsmenn þeirra, minjaráð minjasvæða og aðrir áhugasamir um málefnið.

Fundirnir verða haldnir á eftirfarandi stöðum:

- Mánudaginn 14. september nk. kl. 9.00 á **Selfossi**, á Hótel Selfossi, Eyrarvegi 2.
- Mánudaginn 14. september nk. kl. 14.00 á **Kirkjubæjarklaustri** í félagsheimilinu.
- Þriðjudaginn 15. september nk. kl. 9:30 á **Egilsstöðum** í bæjarstjórnarsal, Lyngási 12, 2. hæð.
- Miðvikudaginn 16. september nk. kl. 9:00 á **Akureyri** í bæjarstjórnarsal í ráðhúsinu, Geirsgötu 9, 4. hæð.
- Miðvikudaginn 16. september nk. kl. 12:30 á **Sauðárkróki** á Kaffi Krók, Aðalgötu 16.
- Fimmtudaginn 17. september nk. kl. 9 í **Stykkishólmi** á efstu hæð í Ráðhúsinu.
- Mánudaginn 21. september nk. kl. 10 á **Ísafirði** á 4. hæð Stjórnsýsluhúsinu.

Þá er fyrirhugað að halda fund í **Reykjavík** í lok septembermánaðar og verður hann auglýstur síðar.

Með von um að sjá sem flesta á fundunum.

Fyrir hönd ráðherra


Sigurður Örn Guðleifsson


Regína Sigurðardóttir